

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi mannvirkja Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkti þann 2. maí 2006 breytingu á deiliskipulagi fyrir mannvirki Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal.

Deiliskipulagsbreytingar eru eftirfarandi:

1. Nákvæmari staðsetning stöðvarmannvirkja í Fljótsdal.
2. Reistur verður allt að 18 m hár og allt að 35.000 m³ varnargarður fyrir ofan tengivirkið til að hindra að ofanflóð lendi á því.
3. Breytt lega Fljótsdalslínu 2 og ljósleiðara frá tengivirki í Fljótsdal að Brattagerði.
4. Vesturendi Fljótsdalslína 3 og 4 hliðrast til suðurs þar sem tengivirkishús hefur verið endanlega staðsett.
5. Gerð er grein fyrir dreifikerfi RARIK á uppdrætti.
6. Lagður verður ljósleiðari samhliða Fljótsdalslínu 2 frá tengivirki í Fljótsdal að Brattagerði.
7. Vegslóðar að möstrum Kröflulínu 2 voru færðir inn á uppdrátt.
8. Nýju haugsvæði, vegna uppgraftrar úr Jökulsánni, var fundinn staður austan ár í farvegi Drangskvíslar.

Vatnstanki fyrir neysluvatn í stöðvarhúsi er komið fyrir austan við Teigshús í munna eldri virkjanaganga.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Végarði, 14. júlí 2006.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, oddviti Fljótdalshrepps.